

Eftir stúdentsprófið hafði ég ekki fundið til þreytu, hvorki í augum né taugum, og hafði þó mjög kappsamlega lesið, mána-  
nám saman. En nú, eftir kandidatsprófið, var ég þreyttur; og

### Kandidatspróf og Grænlandstærð

Það voru mikil tímamót í ævi minni, þegar ég varð skóla-  
pítur. Stímaði þá að mestu sambandið við hina fyrri leikfélaga  
mína hér í Skuggahverfinu, en nýir félagar komu í staðinn, þar  
sem skólabræður mínir voru. Og að vísu hafði nú ekki eingöngu  
verið um leik að ræða, því að svölitið hafði ég fengið við að  
vinna, gengið á eyrinni, sem kallað var, um 12 ára aldur, og  
bortí 40 punda sykurrakassa neðan af bryggju og upp í búð við  
Áusturstærði. Einnig hafði ég reynt, hvað það var að fara á fætur  
fyrir 6 til að vera nógu snemma til taks á eyrinni, en fá svo engu  
vinnu. En nú var öllu slíku lokkið. Nú snerist allt um skóla og  
lestur, og varði ég margri stund til lestrar, sem aðrir vorðu til  
leiks. Og þegar voraði, var ég oft kominn á fætur alllönngu fyrir  
vanalegan fótferðartíma til að geta lesið, áður en ég fór í skóla-  
ann. Ég átti heima hjá mínum göðu foreldrum í langa, læga  
húsinu hér við Smiðjustíg, sem þau fluttust í fyrir um 70 árum.  
Var þar ekkert herbergi fyrir mig til að lesa í, en gott næði, áður  
en farið var á fætur, enda færði ég mér það í ný. Var ég þó  
vanalega kominn niður í skólann um 7,30, en kennslustundir  
hofust kl. 8, að afloknum bænum, sem kallað var. Oft var það,  
í skammdeginu, harðsót fyrir óharðnaðan ungling að komast í  
skólann, þó að ekki væri langt að fara, en veitarríki var þá mun  
meira hér í Reykjavík en síðar hefir verið, og skorti stundum  
ekki svo mjög mikið á, að brúinir skafanna næðu upp á mót  
við þakskeggið á læga húsinu okkar...